

Kópavogsbær,
bæjarritari,
Páll Magnússon,
Fannborg 2.

Kópavogur, 19. júní 2015

Efni: Húsnæði fyrir stjórnsýslu Kópavogsbæjar

Undirritaður vísar til tölvupósts frá 18. þ.m. þar sem óskað var eftir álitum endurskoðenda Kópavogsbæjar á mögulegri fjárfestingu í húsnæði fyrir stjórnsýslu Kópavogsbæjar, sem nú er í þremur húsum á svokölluðum Fannborgarreit.

Undirritaður óskaði eftir gögnum er varða málið og fékk ég í hendur eftirfarandi gögn:


- Samanburður húsnæðiskosta, skýrsla frá Mannviti, merkt 2.03 drög, dags. 15. apríl 2015.
- Samanburður húsnæðiskosta, glærukynning, dags. 15. apríl 2015, Einar Ragnarsson, Jón Þór Gunnarsson.
- Tillaga til bæjarráðs frá bæjarritara, drög dags. 16. júní 2015.

Auk þess átti ég samtöl við fjármála- og hagsýslustjóra Kópavogsbæjar, Ingólf Arnarson, en fram kom hjá honum að starfsmenn bæjarins hafi sjálfir gert skoðun á þeim kostum sem fjallað er um í skýrslunni og að hún styðji niðurstöður þeirra.

Skýrsla Mannvits, sem vísað er til hér að ofan, er umfangsmikil og tekur að því er mér virðist á öllum helstu fjárhagslegum þáttum sem máli skipta við mat á þeim kostum sem ákveðið var að skoða. Ég tel að skýrslan sé ítarleg og vel rökstudd, en ég vil þó taka fram að ég hafði ekki tök á því að fara yfir útreikninga sem liggja að baki niðurstöðum skýrslunnar, en ég hef ekki ástæðu til að ætla annað en að þeir séu réttir, en fram kemur að höfundar að skýrslunni eru þrír, auk þess sem skýrslan er rýnd af fjórða manninum.

Með hliðsjón af framanrituðum lýsi ég mig sammála þeim niðurstöðum sem fram koma í skýrslunni.

Virðingarfyllt,


Deloitte ehf.

Láraus Finnbogason,
löggiltur endurskoðandi.